

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 523, 27. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ**um bann við línuveiðum á Breiðafirði.****1. gr.**

Frá og með 29. janúar til og með 31. mars 1988 eru allar línuveiðar bannaðar á Flákanum í Breiðafirði sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°13'00 N — 24°46'06 V
2. 65°17'54 N — 24°01'18 V
3. 65°07'28 N — 23°46'37 V
4. 65°02'49 N — 24°17'06 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.